

## Mál nr. 9/2006

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/B**

### Árekstur á gatnamótum við Laugaveg og Vitastíg þann 29.09. 2005

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 16.01. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.01. sl.
3. Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18.01. sl. ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var ekið suður Vitastíg og inn á gatnamótin við Laugaveg. Biðskylda er á gatnamótunum. A var ekið vestur Laugaveg. Álitaefnið er hvort ökumaður B hafi brotið gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og/eða hvort ökumaður A hafi ekið of hratt og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B meginábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A. Ökumaðurinn gætti ekki 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ósannað er að B hafi verið kyrrstæð það lengi á gatnamótunum að áhrif hafi á réttarstöðu ökumannsins.

Ökumaður A ber nokkra ábyrgð á árekstrinum. Skýrsla lögreglu af vettvangi verður lögð til grundvallar en í henni lætur lögreglan efnislega getið frásagnar ökumanns A þess efnis að hann hafi ekki ”geta sagt til um nákvæman ökuhraða en hann hafi verið talsvert yfir leyfilegum hámarkshraða, allt að 60 km/klst. Í sama mund og hann ók inn á gatnamótin sagðist hann hafa veitt bifreið mótaðila athygli þar sem henni var ekið í veg fyrir” A.

Lögreglan getur þess að sjáanlegt tjón á bifreiðunum hafi verið mikið. Áreksturinn virðist því hafa verið nokkuð harður, þrátt fyrir að bifreiðarnar hafi verið ökufærar eftir áreksturinn. Hámarkshraði á vettvangi er 30 km/klst.

Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

#### Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 7. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.